

**16. fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, fimmtudaginn 13.mars 2008, í fundarsal bæjarstjórnar Vesturbyggðar kl. 20.00**

**Mættir:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir formaður, Bragi Geir Gunnarsson, Úlfar Thoroddsen, Nann Á.Jónsdóttir, G. Ingbór Guðjónsson og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. *Rannsókn- og nýsköpunarsjóður.*  
Undir þessum lið mætti Jón Örn Pálsson frá Atvinnuþróunarf. Vestfjarða. Hann kynnti tillögur um skipulagsskrá fyrir rannsókn- og nýsköpunarsjóð Vestur Barðastrandarsýslu. Lagt til að tillögunni verði vísað til sveitarstjórna Tálknafjarðahrepps og Vesturbyggðar til umfjöllunar. Samþykkt. Jón Örn vék af fundi.
2. *Héraðsskjalasafn.*  
Lagt fram bréf frá Magnúsi Ólafs Hanssyni verkefnisstjóra um hugmynd að stofnun Héraðsskjalasafni. Lagt er til í bréfinu að samstarf verði haft við Reykhólahrepp um að koma á fót héraðsskjalasafni. Nokkrar efasemdir komu fram um möguleika á þessu verkefni með Reykhólahreppi vegna fjarlægðar og samgangna. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að formaður boðaði fulltrúa Reykhólahrepps til fundar málið.
3. *Bréf frá Jóhanni Ágústssyni og Halldóru Ragnarsdóttur, Brjánslæk dags. 16.apríl 2008.*  
Málinu vísað til 7. liðar.
4. *Umhverfisráðuneytið, skipan í Breiðafjarðarnefnd.*  
Tillaga frá fulltrúum Vesturbyggðar um að Þórólfur Halldórsson verði áfram aðalmaður og Úlfar B. Thoroddsen varamaður. Samþykkt.
5. *Ferjan Baldur.*  
Vegna óánægju með fækkun ferða Baldurs yfir Breiðafjörð nú í vor og í haust beinir samráðsnefndin því til samgöngunefndar FV að beita sér fyrir að endurskoðun verði gerð á ferðatilhögun Baldurs á næstu misserum.
6. *Önnur mál.*
  - ✓ Í 6. fundargerð landbúnaðarnefndar Vesturbyggðar er ítrekuð tilmæli um að smalað verði útigangsfé á Tálkna. Haft hefur verið samband við tvo aðila, annan frá Tálknafirði og hinn frá Vesturbyggð um að hafa umsjón með smöluninni. Í samráði við þá, verður Tálkni smalaður í haust.
  - ✓ Rökstuðningur með tillögu um nafn á núverandi Þróunarsetri á Patreksfirði. Bréf frá Jóni Erni Pálssyni þar sem hann leggur til að nafn á þróunarsetrinu á Patreksfirði verði SKOR – þróunarsetur-. SKOR er þekktur sögustaður í V. \_Barð. Einnig má lesa úr orðinu S= Saga, K= kennsla, O= og R= ráðgjöf. Samþykkt.
  - ✓ Lögð fram fundargerð sem gerð var á fundi hagsmunaaðila um gamla prestshúsið á Brjánslæk. Samráðsnefndin fagnar hugmyndinni um Flókastofu. Jafnframt tekur nefndin undir þær hugmyndir að verja sultarbrandsgilið við Brjánslæk fyrir ágangi og hvetur umráðamenn jarðarinnar til að fylgja málinu eftir við viðeigandi stjórnvald.
  - ✓ Lagt fram bréf frá Ragnari Guðmundssyni á Brjánslæk vegna uppgjörs fyrir Jarðanefnd. Eyrúnu og Ragnari falið að ljúka þessu máli.

**Kl. 21:00.**

1. Magnús V. Jóhannesson umdæmisstjóri Vegagerðarinnar í Borgarnesi og Eiður Thoroddsen rekstrarstjóri á Patreksfirði mæta til fundarins.

- ✓ Magnús V. Jóhannesson fór yfir nýju vegalögin og skilgreindi safnvegi, stofnvegi, landsvegi og héraðsvegi. Einnig fór hann yfir fjárveitingar m.a. héraðvegasjóð og reglur þessum málum viðkomandi.

Með vísan til 3. liðar í dagskránni var lögð fyrirspurn til Vegagerðarmanna hvort stuðningur kæmi til frá þeim við lagninu slitlags að Brjánslækjarkirkju. Kom fram að takmarkað fjármagn væri til staðar. Samráðsnefndin beinir því til Vegagerðarinnar að kannaðir verði til hlítar möguleikar á fjármagni til þessa verkefnis.

Magnús fór yfir stöðuna við verkefni á Vestfjarðavegi nr. 60 og gerði grein fyrir hvernig málin standa í dag og framtíðarhorfur.


Spurt var um möguleika á samvinnu um vinnslu malarefnis, t.d. á Hálfán eða Kleifaheiði.

Var tekið vel í það og verður það rætt frekar.

Formaður þakkaði gestum komuna og greinargóð svör.

Fundargerðin lesin upp.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23:00

  
Eyrun Ingibjörg Sigþórsdóttir

  
Bragi Geir Gunnarsson

  
Úlfar B. Thoroddsen

  
Nanna A. Jónsdóttir

  
G. Inghór Guðjónsson

  
Ragnar Jörundsson